

ENDURRIT ÚR DÓMABÓK DÓMSTÓLS HSÍ

Ár 2015, miðvikudaginn 9. september, er tekið fyrir af dómstól Handknattleikssambands Íslands
kærumál nr. 3/2015

Handknattleiksdeild Gróttu gegn Handknattsleiksfélagi Kópavogs vegna synjunar á félagaskiptum Lárusar Helga Ólafssonar, kt. 191087-2329

Mál þetta dæmir Hulda Rós Rúriksdóttir.

Mál þetta var þingfest 20. ágúst 2015 og dómtekið 8. september 2015.

Þann 18. ágúst 2015 kl. 13.33 sendi Handknattsleiksdeild Gróttu kæru til dómstólsins vegna höfnunar á félagaskiptum Lárusar Helga Ólafssonar. Málið fékk númer 2/2015 hjá dóminum. Með úrskurði dómsins var kærinni vísað frá samdægurs þar sem kæran fullnægði ekki skilyrðum 36. gr. laga HSÍ. Daginn eftir, eða þann 19. ágúst 2015 kl. 12.53 sendi kærandi nýja kæru vegna sama máls. Kæran barst því innan kærufrests sbr. ákvæði 35. gr. laga HSÍ. Málið fékk númer 3/2015. Málið var þingfest þann 20. ágúst s.l.

Kærð er synjun HSÍ á félagaskiptum Lárusar Helga Ólafssonar. Gerð er jafnframt krafa um að hrundið verði ákvörðun HSÍ að staðfesta ekki félagaskipti Lárusar Helga Ólafssonar (hér eftir nefndur leikmaðurinn) úr Handknattsleiksfélagi HK (hér eftir nefndur HK) í Handknattsleiksdeild Gróttu (hér eftir nefndur Gróttu) og þess krafist að HSÍ staðfesti félagaskiptin.

Málsatvik voru þau að leikmaðurinn gerði leikmannasamning við HK sem undirritaður var þann 23. maí 2014. Gildistími samningsins er sagður vera frá 1. september 2014 til 1. júní 2016. Í samningnum er kveðið á um hefðbundnar skyldur leikmannsins til að æfa og leika handknattleik á samningstímanum og skyldur félagsins á sama tíma. Um uppsagnarmöguleika samningsins segir í 4. gr. hans. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu á tímabilinu 1.-30. maí og á þetta ákvæði við ef HK fellur eftir fyrra tímabilið eða ef leikmaður hyggur á nám erlendis. Ef uppsagnarákvæðið er nýtt til að fara í annað lið á Íslandi skal viðkomandi lið greiða HK 300.000 kr. fyrir leikmanninn.“

Lausnarskilyrði samningsins kom fram, þ.e. að HK féll eftir fyrra tímabilið. Í maímánuði 2015 nýtti leikmaðurinn sér uppsagnarheimild sína og sagði upp samningnum með yfirlýsingu svohljóðandi: *„Undirritaður Lárus Helgi Ólafsson, kt. 191087-2329 nýtir sér hér með uppsagnarákvæði í núverandi samningi, samkvæmt gildistíma og uppsagnarákvæði leikmannasamnings sem viðauka við A-samning viðkomandi aðila sem gerður var þann 23.05.2014, milli hans og Hkd. HK. Uppsögn samningsins tekur gildi með undirritun þessa bréfs.“* Undir yfirlýsingu ritaði leikmaðurinn og fulltrúi HK.

Leikmaðurinn skrifaði undir samning við Gróttu þann 18. júní 2015 og í framhaldi þess var send inn félagaskiptabeiðni til skrifstofu HSÍ þann 24. júní 2015. Undir þá beiðni „yfirlýsingu um félagaskipti“ ritaði leikmaðurinn og var á skjalinu staðfesting af hálfu Gróttu um að leikmaðurinn hefði gengið til liðs við það félag. Engin staðfesting var á skjalinu frá HK. HSÍ leitaði eftir afstöðu HK til félagaskiptanna. Afstaða HK var á þann veg að félagið samþykkti ekki þessi félagsskipti að svo stöddu. Í samningi leikmannsins við HK hafi verið ákvæði um að ef uppsagnarákvæði væri nýtt til þess að fara í annað félag á Íslandi þá skyldi koma greiðsla fyrir leikmanninn. Gróttu hafi vitað af þessu ákvæði en engin greiðsla hafi borist til HK frá Gróttu. Í framhaldi þessa hafnaði HSÍ beiðninni. HSÍ taldi sér skylt að hafna

félagaskiptunum þar sem ljóst væri að um ágreining væri að ræða á milli leikmannsins og HK um hvort unnt hafi verið að segja upp samningnum án greiðslu. HSÍ taldi sig ekki geta tekið afstöðu til ágreinings um riftun á samningnum og því bæri að hafna félagaskiptunum.

Við meðferð máls þessa hefur dómurinn leitað eftir skriflegum athugasemdum frá HSÍ eins og heimilað er í 37. gr. laga HSÍ.

Ágreiningur aðila stendur um hvort rétt hafi verið af HSÍ að synja um staðfestingu félagaskipta leikmannsins.

Kærandi byggir á því að þar sem leikmaðurinn hafi verið samningslaus þegar Grótta gekk til samninga við hann sé HK ekki stætt á að hafna félagaskiptunum, enda enginn samningur til staðar á milli leikmanns og félagsins, sbr. 3. mgr. 15. gr. reglugerðar HSÍ um félagaskipti. Að auki telur Grótta að þau uppsagnarákvæði er fram koma í samningi leikmannsins og HK geti ekki á nokkurn hátt skuldbundið Gróttu til greiðslu, enda sé Grótta ekki aðili að þeim samningi auk þess sem samningurinn hafi verið fallinn úr gildi.

Kærði krefst þess annarsvegar að kröfum kæranda verði hafnað vegna aðildarskorts bæði til sóknar og varnar en hinsvegar að kröfum kæranda verði hafnað verði ekki fallist á aðildarskort.

Kærði byggir á því að það sé leikmaðurinn sem hafi ekki efnt skyldur sínar í samræmi við félagaskiptareglugerð HSÍ þar sem sérstaklega er vikið að því í 12. gr. að í undirritun á tilkynningu um félagaskipti lýsi hann því yfir að félagið hafi leyst hann undan þeim leimannasamningi sem er í gildi á milli leikmanns og HK. Ef leikmaðurinn hefði talið kærða brjóta samning aðila eða brjóta á sér rétt hefði það getað orðið honum tilefni til að kæra synjun HSÍ. Kærði sé hinsvegar utanaðkomandi þriðji aðili sem kærði eigi ekkert vantalað við í þessum efnun. Þá byggir kærði jafnframt á því að HSÍ hafi tekið hina kærðu ákvörðun og að kærði sé þess ekki umkominn að breyta henni. Af þeim sökum blasi við að beina hefði þurft kröfu að HSÍ.

Að aðild frágenginni telur kærði að engin efnisleg skilyrði séu til að fallast á kröfur kæranda. Samningsskuldbinding leikmannsins sé afdráttarlaus, vilji hann ganga til liðs við hérlemt félag verði hann að tryggja réttar efndir samnings síns, þ.e. að greiddar séu kr. 300.000 vegna félagsskipta. Sú greiðsla hafi ekki farið fram og því samningurinn augljóslega ekki réttilega efndur og því ekki forsenda til yfirlýsingar í samræmi við 12. gr. félagaskiptareglugerðarinnar. Að síðustu byggir kærandi á því að afstaða HSÍ sé í fullu samræmi við 1. mgr. 15. gr. félagaskiptareglugerðarinnar sem kveði á um að sambandið hlutist ekki til um úrlausn deilumála tengdum leikmannasamningum. Þegar af þeirri ástæðu beri að hafna kröfum kæranda.

Niðurstaða:

Við fyrirtöku málsins þann 3. september s.l. voru aðilar sammála um að ekki væri þörf á skýrslutökum vegna málsins. Jafnframt voru aðilar sammála um að málið yrði skriflega flutt. Í fyrirtökunni voru aðilum afhent þau gögn sem dóminum höfðu borist frá HSÍ. Aðilum var veittur frestur til að skila málflutningi sínum og að því loknu var málið dómtekið.

Í VII. kafla laga HSÍ er fjallað um Dómstól HSÍ og málsmeðferð ágreiningsmála. Þar segir í 33. gr. að rétt til kærufélagi hafi hver sá einstaklingur og það félag sem misgert er við og hagsmuni hefur af niðurstöðu máls. Kærandi hefur tvímælalaust hagsmuni af því að fá niðurstöðu um það hvort HSÍ staðfesti félagaskipti leikmannsins. Á grundvelli þessa er öllum sjónarmiðum kærða um hugsanlegan aðildarskort í málinu, hafnað.

Í 13. gr. reglugerðar HSÍ um félagaskipti leikmannasamninga o.fl. segir að HSÍ gefi út keppnisleyfi þegar öllum skilyrðum reglugerðarinnar sé fullnægt, þ.m.t. að eyðublað um félagaskipti hafi verið undirritað af báðum liðum og leikmanni. Þegar beiðni leikmannsins um staðfestingu félagaskipta barst til HSÍ leitaði HSÍ réttilega eftir afstöðu kærða til beiðninnar. Í 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar eru ágreiningsmál á milli leikamanna og félaga um greiðslur og annað sambærilegt og uppgjör slíkra mála, óviðkomandi HSÍ og „...hefur HSÍ ekki aðkomu að slíkum málum.“

Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. framangreindrar reglugerðar er framkvæmdastjóra HSÍ heimilt í undantekningartilfellum að gefa út keppnisleyfi fyrir leikmanninn að undangengnum árangurslausum sáttatilaunum milli félaganna ef framkvæmdastjóri telur að félag sem leikmaður gengur úr hafi ekki málefnalegar ástæður fyrir synjun um staðfestingu. Ekkert liggur fyrir um að sáttatilaunir hafi farið fram á milli aðila þessa máls þegar félagaskiptabeiðni var lögð fram hjá HSÍ. Að mati dómsins var HSÍ því rétt að hafna staðfestingu félagaskiptanna.

ÚRSKURÐARORÐ:

Kröfu kæranda er hafnað.

Úrskurði þessum er heimilt að skjóta til áfrýjunardómstóls HSÍ innan 3ja sólarhringa frá birtingu.

Úrskurðinn kvað upp Hulda Rós Rúriksdóttir.

